

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram laugardaginn 25. júní 1988.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælanda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1090 meðmælendur, en mest 2180.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 110 meðmælendur, en mest 220.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (Húnavatnssýslur—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 210 meðmælendur, en mest 420.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 90 meðmælendur, en mest 180.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963. sbr. lög nr. 6/1984, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 21. mars 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskráa.

Samkvæmt heimild í 23. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, sbr. 1. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, er hér með ákveðið að kjörskrár vegna kjörs forseta Íslands sem fram á að fara 25. júní 1988 skuli lagðar fram 25. maí 1988. Auglýsa skal eigi síðar en daginn áður hvar kjörskrá verður lögð fram.

Jafnframt er ákveðið að kjörskrár skuli liggja frammi til 14. júní 1988.

Vakin er athygli á því að kærufrestur til sveitarstjórnar rennur út 10. júní 1988, sbr. 20. gr. kosningalaga.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.